

Auglýsing um friðlýsingu Dvarghamar á Síðu.

Samkvæmt heimild í 22. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, hefur [Umhverfisstofnun] fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa sem náttúruvætti Dverghamra á Síðu, Hörgslandshreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.

*Mörk svæðisins* fylgja núverandi girðingu umhverfis Dverghamra, sbr. meðfylgjandi uppdrátt.

*Eftirfarandi reglur gilda um svæðið:*

1. Tilgangur friðlýsingarinnar er að varðveita jarðmyndanir og lífríki svæðisins í núverandi mynd. Hvers konar mannvirkjagerð eða jarðrask, sem breytt getur úliti eða eðli svæðisins, er óheimilt, nema til komi sérstakt leyfi [Umhverfisstofnunar].
2. Svæðið er einungis opið gangandi fólki og er það vinsamlegast beðið að ganga vel um og fylgja merktri gönguleið.
3. Hvers konar losum jarðefna, rusls eða sorps er óheimil á svæðinu.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi [Umhverfisstofnunar] eða þess, sem fer með umboð [stofnunarinnar].

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni, sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

*Menntamálaráðuneytið, 18. september 1987.*

Birgir Ísl. Gunnarsson

---

Runólfur Þórarinsson